

Eystrahorn

33. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 20. september 2018

www.eystrahorn.is

Gróðurreitir FAS á Skeiðarársandi



Mánudaginn 29. ágúst síðastliðinn fóru sautján nemendur í FAS sem stunda nám í áfanganum „Inngangur að náttúruvísindum“ í árlega rannsóknarferð á Skeiðarársand. Þar eru fimm 25 m² gróðurreitir á vegum FAS og var ferðin núna tíunda sinnar tegundar. Veður var eindæma gott; logn, sól og hiti um 12 gráður. Megintilgangurinn með ferðinni

er að fylgjast með breytingum á sandinum en einnig að fá nemendur til að skoða náttúruna í kringum sig og FAS hefur alla tíð lagt á það áherslu að gera nemendur meðvitaða um umhverfi sitt. Í ferðinni fá allir nemendur hlutverk við athuganir og skráningu á náttúrunni. Oft hafa sést meiri breytingar á milli ára en núna. Reyndar var töluvert

um nýjar plöntur í reitunum en þær eru enn svo litlar að þær voru ekki mældar sérstaklega. Til að komast í þann hóp að fylgst sé með plöntum árlega þurfa þær að hafa náð a.m.k. 10 cm hæð.

Þegar farið er á milli reitanna má sjá mörg tré sem eru hærri en þau innan reita FAS. Núna var ákveðið að fylgjast sérstaklega með þremur stórum trjám, tvö þeirra eru ofan í jökulkleri og eitt ekki langt frá gömlu réttinni á sandinum. Stærsta tréð er annað tréð í jökulklerinu og mældist hæð þess 3,32 metrar. Það tré hefur þó brotnað að hluta og óvíst hvaða áhrif það mun hafa. Staka tréð fylgir fast á eftir en hæð þess er 3,24 m.

Eftir ferðina vinna nemendur skýrslu. Vinnan felst m.a. í því að skoða tölulegar upplýsingar á milli ára og velta fyrir sér líklegum skýringum á breytingum. Það fer vel á því að enda

á lokaorðum í samantekt frá einum hópnum:

„Okkur þótti þessi ferð vera mjög fræðandi og skemmtileg. Það kom okkur á óvart hversu mikið af trjám var úti á sandinum miðað við það sem við sjáum frá veginum og óhætt er að fullyrða að allir í hópnum hafi lært mikið á ferðinni. Við áunnun okkur ný vinnubrögð, lærðum að lesa í umhverfið og urðum meðvitaðri um gróðurinn í nágrenni okkar. Út frá hópavinnunni spunnust síðan líflegar umræður, og lærðum við því ekki sist mikið af hvert öðru.“

Líkt og fyrri ár verða niðurstöður ferðarinnar birtar á <http://nattura.fas.is/>.


Eyjólfur Guðmundsson
Hjördis Skírnisdóttir
Kristín Hermannsdóttir

Hæð plöntu 6 í reit 4 frá 2009 - 2018



Mælingar á hæð einnar plöntu á Skeiðarársandi, árin 2009-2018. Hún hefur hækkað um 71 cm á 10 árum, eða 7,1 cm á ári.

Hæð valinna plantna í reit 4 í cm árin 2009, 2014 og 2018



Hæð valinna plantna í einum reitanna, samanburður á hæðinni árin 2009, 2014 og 2018. Þær hækka allar á milli ára, nema ein þeirra sem minnkar á milli árunna 2014 og 2018. Líkleg skýring á því að ein plantan lækkar gæti verið beit.

Barnastarf Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Hefð er fyrir því að Menningarmiðstöð Hornafjarðar standi fyrir fræðslu og skemmtiferðum fyrir börn frá sjö ára aldri. Í sumar var þar engin breyting á og voru farnar 10 ferðir.

Ferðirnar tókust allar mjög vel og vorum við mjög heppin með veður í sumar. Börnin stóðu sig öll með þryði og hafa greinilega áhuga á umhverfi sínu.

Við skoðuðum nærumhverfið og fræddumst um náttúruna, fórum í bátsferð út í Mikley, veiðiferð í Þveitina og heimsóttum Flatey og Lækjarhús. Björn G. Arnarson og Steinunn Hödd Harðardóttir fóru með börnin út í Ósland og sögðu þeim frá lífríkinu og lífsháttum fugla og saman tókst þeim að gera alla mjög áhugasama. Steinunn Hödd starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs

fór með okkur í ferð um Þjóðgarðinn og sýndi áhugasömum börnum lífríkið í nágrenni Hoffellsjökuls. Lúruveiðin með Jóni Þorbirni var vinsæl að vanda og voru farnar 3 ferðir þann daginn. Ágætis affli var í öllum ferðunum. Óvissuferðin tókst mjög vel þar sem farið var í fundarhúsið í Lóni þar gæddu börnin sér á pylsum og svala en vegna veðurs var ekki grillað úti eins og skipulagt hafði verið að gera og var því slegið upp veislu inni. Farið var í ýmsa leiki og fengu myndlistarhæfileikar barnanna að njóta sín.

Starfsfólk Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar þakkar öllum þeim sem tóku þátt í ferðunum og öllum þeim sem lögðu lið. Svona starf getur ekki gengið nema með velvilja samfélagsins og hans njótum við svo sannarlega



Sérstakar þakkir fá:
Fallastakkur ehf., starfsmenn
Flateyjar, Björn Arnarson,
Steinunn Hödd Harðardóttir, Jón Þorbjörn Ágústsson, Snæbjörg Guðmundsdóttir, starfsmenn



Hafnarinnar og bilstjórar.

Hlökkum til að sjá sem flesta með okkur á næsta ári.

Starfsfólk Menningarmiðstöðvar
Hornafjarðar.



Hafnarkirkja

Sunnudaginn 23. september
Umhverfismessa kl. 11:00

Lögð verður sérstök áhersla á umhverfismál í tónum og tali. Spjall yfir kaffisopa eftir messu.

Allir velkomnir.

Prestarnir



Þakkir

Hjartans þakkir fyrir auðsýndan hlýhug og samúð, vegna andláts okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu, dóttur og systur

Ólafar Kristjönu Gunnarsdóttur

*Benedikt Helgi Sigfússon,
Sigfús G. Benediktsson,
Stefanía Ó. Benediktsdóttir, Magnús Baldursson,
Halldóra S. Benediktsdóttir, Halldór F. Steinars,
Ásgeir B. Benediktsson, Sandra Örvarsdóttir,
María H. Benediktsdóttir, Sirius J. Grimm,
Birna Þ. Skarþéðinsdóttir,
barnabörn og systkini hinnar látnu.*



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA

Ágæti þú, sem ert 60 ára + á árinu. Félag eldri Hornfirðinga býður þér að gerast félagi í þeirri von að þú finnr eitthvað við þitt hæfi í starfi félagsins. Vetrarstarfið er að hefjast og má finna fjölbreytta dagskrá. Innan skamms verður hún sett inn á síðu félagsins á "facebook" Félag eldri Hornfirðinga. Eins hangir hún uppi í auglýsingarglugga í Ekrinni þar sem félagsstarfið fer fram.

Með von um góðar undirtektir

Haukur Þorvaldsson formaður sími 897-8885.

YOGA-YOGA

Mánudaginn 1. október .kl. 16:30 byrja yoga-tímar í Ekrinni fyrir eldri Hornfirðinga. Ásta Margrét stjórnar.

Alzheimer kaffi

24. september kl.17:00 í Ekrusalnum.

Líney Úlfarsdóttir öldrunarsálfræðingur hjá Reykjavíkurborg fjallar um geðheilbrigði eldra fólks.

Líney býður uppá ráðgjafarviðtöl á heilsugæslunni sama dag.

Tímamantanir á Skjólgarði í síma 470 8630.

Kaffi og kökur, samvera, fræðsla og tónlist.

Kaffigjald 500kr.

Allir velkomnir.



**ALZHEIMER
SAMTÖKIN**

Lokað verður í ruslaportinu 28. og

29. september vegna árs hátíðar starfsmanna Íslenska gámafélagsins.



Vorum að fá smart SIGN vonar armband fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

Eilífðartáknið með VON HOPE SPES

(von á íslensku, ensku og latínu)

Úrvalafnýjumvörum, fallegar stofuplöntur, haust útiblóm.

Sjón er sögu ríkari

Húsgagna

Verið velkomin

Símar: 478-2535 / 898-3664
Ópið: virka daga kl. 13:00 - 18:00

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Skemmtilegt samkirkjulegt 10 kennslustunda námskeið um kristna trú. Fjallað er á einfaldan og þægilegan hátt um grundvallaratriði kristinnar trúar og boðskap Biblíunnar.



Alfa-námskeið

Kynningarfundur verður mánudaginn 24. september kl. 18 í Hvítasunnukirkjunni Lifandi Vatn. Boðið verður upp á súpu.

Námskeiðið samanstendur af kvöldverði, kennslu og umræðum. Alfa námskeiðið er opið fyrir alla.

Nánari upplýsingar á www.bjarnanesprestakall.is og á facebook síðu Lifandi vatns

Veðurfar á Suðurlandi í 10 ár



Kvisker í Oræfum. Hér sjást þrjár tegundir úrkomumæla: hefðbundinn, gamall úrkomusírti og afbrigðilegur sjálfvirkur vigtarmælir. Myndin er tekin 2. júlí 2009.

Unnin hefur verið skýrsla um veðurfar á Suðurlandi frá árinu 2008 til 2017 af Veðurstofu Íslands fyrir Samtök sunnlestra sveitarfélaga (SASS).

Skýrslan byggir á mælingum úr 16 sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum á Suðurlandi auk upplýsinga frá þremur mönnum veðurathugunarstöðvum. Um margt áhugaverðar upplýsingar er að ræða, þar sem gögn þessi hafa ekki verið teknin saman áður fyrir landshlutann og birt með viðlíka hætti. Samantektin gefur innsýn inn í ólíkt veðurfar einstakra svæða innan landshlutans og veðurfar almennt á Suðurlandi síðastliðin 10 ár. Landshlutinn Suðurland eins og hann er skilgreindur í dag nær frá Hellisheiði í vestri að Lóni í austri.

Í útdrátti skýrslunnar um veðurfar á Suðurlandi segir; "Að jafnaði er veður milt á sunnanverðu landinu. Vetur eru mildir við sjávarsíðuna en lengra inni

í landi getur orðið talsvert frost í vetrarstillum. Svæðið er það úrkomumesta á landinu, einkum austantil. Lægðir koma að öllu jöfnu inn á landið úr suðri og bera hlýtt og rakt loft norður eftir. Úrkomusamast er áveðurs við há fjöll og mest er úrkomun sunnan í Vatnajökli og Mýrdalsjökli."

Sérstaða einstakra svæða kemur berlega í ljós í ýmsum tölum skýrslunnar. Helst birtist sérstaðan líklega í úrkomutölum. Einkum sker veðurathugunarstöð í Kviskerjum sig úr í samanburði við önnur svæði. Meðaltals árs úrkomu mældist þar 3500 mm en um 1000 til 1400 mm annars staðar í landshlutunum. Um er að ræða úrkomumesta svæði landsins samkvæmt mælingum Veðurstofunnar. Upplýsingar í skýrslunni taka til þátta eins og ríkjandi vindátt, árstíðarsveifla í hita, vindhraða og úrkomu. Mannaðar veðurathugunarstöðvar gefa síðan að auki upplýsingar um úrkomuáttir og veðurtegundir á takmörkuðu skyggni. Skýrslan var unnin af Veðurstofu Íslands fyrir SASS og er í reynd aukaafurð verkefnis um greiningu á veðurfarslegum skilyrðum fyrir alþjóðaflugvöll á Suðurlandi, sem er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands á vegum SASS. Næsti áfangi þess verkefnis er að leggja mat á hvaða svæði innan landshlutans uppfylla veðurfarsleg skilyrði fyrir uppbyggingu alþjóðaflugvallar.

Ákveðið var að þessi gögn yrðu tekin saman í skýrslu sem yrði öllum aðgengileg. Skýrsluna má finna á heimasíðu SASS (sass.is) en samantekt fyrir hverja veðurstöð fyrir sig má einnig nálgast á [Kortavef Suðurlands \(sass.is/kortavefur\)](http://Kortavef.Suðurlands.is).

Höfundar skýrslunnar eru Guðrún Nina Petersen, Kristín Björg Ólafsdóttir og Þórunn Pálsdóttir hjá Veðurstofu Íslands. Nánari upplýsingar veitir Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS.

Þórður Freyr Sigurðsson,
Sviðsstjóri Þróunarsviðs SASS



Alþjóðlegur dagur Alzheimer

Þann 21. september er alþjóðlegur dagur Alzheimer. Hann er haldinn hátíðlegur hér á Íslandi með fræðslu til tengla samtakanna sem starfandi eru víðsvegar um landsbyggðina. Hér í Hornafirði erum við tenglar undirrituð sem fagaðili og Arna Ósk Harðardóttir, fulltrúi aðstandenda. Okkar tenglastarf felst í að leitast eftir og fá fræðslu frá samtökunum. Með meiri umræðu og fræðslu getum við auðveldað sjúkdómsferlið bæði þeim sem veikjast og aðstandendum. Í dag eigum við gott samstarf við



starfsfólk Alzheimersamtakanna í Reykjavík. Það er stöðug þróun og þekking varðandi hve miklu máli skiptir að einstaklingurinn fái rétta greiningu sem fyrst í sínu sjúkdómsferli. Það sem við viljum sjá í framtíðinni er að heilabilun hverskonar verði ekki feimnismál einstaklingsins og fjölskyldunnar heldur að einstaklingurinn geti átt gott og öruggt líf á sínu heimili þrátt fyrir veikindin. Mörg úrræði eru til en við eigum eftir að innleiða þau í auknum mæli á einkaheimilum. Þar má til dæmis nefna rafrænan samskiptamiðill sem kallast Memaxi og er eins konar dagbók aðstandenda og hins veika.

Fyrsta Alzheimerkaffi vetrarins hér á Höfn verður haldið mánudaginn 24. september í Ekrusalnum að Víkurbraut 30 kl. 17:00. Þar mun Líný Úlfarsdóttir, öldrunarsálfræðingur á Þjónustumiðstöð Laugardals, Háaleitis og Bústaða í Reykjavík flytja erindið Geðheilbrigði aldraðra. Boðið verður upp á kaffi og bakkelsi. Í lokin er samsöngur venju samkvæmt. Kaffigjald er 500 kr. Allir eru velkomnir, ungir sem alnir eru hvattir til að mæta og fræðast um það sem skiptir okkur öll máli á einhvern hátt.

Undirrituð vill einnig þakka ómetanlegan stuðning sem hlaupahópurinn Halló Hornafjörður fékk 18. ágúst síðastliðinn í Reykjavíkumaraþoninu. Í þessum hópi voru öflugir hlauparar sem söfnuðu hvorki meira né minna en 432.000 krónum. Ég er svo þakklát ykkur öllum fyrir hve þið léttuð okkur starfið því með peningum verður allt eða allavega margt auðveldara í tenglastarfinu. Það er deginum ljósara að með þessum stuðningi verður okkur Örnun mun auðveldara að sækja hverskonar fræðslu og miðla henni áfram um nærsamfélagið.

Nú hvet ég alla sem hafa áhuga að fara að æfa sig í að hlaupa smá og vera með í þessum flotta hlaupahópi (að mínu mati flottasta) í næsta Reykjavíkumaraþoni. Eitt af því skemmtilegra sem ég geri sem tengill Alzheimersamtakana er að hlaupa til góðs. Það er svo létt að stökkast í mark vitandi hve miklu fjármagni maður er að skila til góðs málefnis.

Sjáumst hress í Ekrusalnum Mánudagurinn 24. september kl.16:30.

Þorbjörg Helgadóttir

Félagslíði á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði og tengill Alzheimersamtakanna á Höfn í Hornafirði.

Vetrarbræður og Hvítur, hvítur dagur



Leikarar og tökulið fyrir Hvítur, hvítur dagur

Vetrarbræður, fyrsta kvikmynd Hlyn Pálmasonar í fullri lengd, hefur verið tilnefnd fyrir hönd Danmerkur til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs í ár og keppir því við fjórar aðrar Norrænar myndir, frá Íslandi, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Framlag Íslands er Kona fer í stríð eftir Benedikt Erlingsson. Kvikmyndaverðlaun Norðurlandsráðs verða afhend við hátíðlega athöfn í 15. skipti þann 30. október í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Osló.

Enn fremur kom nýlega í ljós að Vetrarbræður er einnig á meðal þriggja mynda sem koma til greina sem framlag Danmerkur til Óskarsverðlauna fyrir bestu erlendu kvikmynd. Hinar myndirnar eru Lykke-Per eftir Bille August og Den skyldige eftir Gustav Möller. Danska Óskarsverðlaunaneindin mun tilkynna um endanlegt val á framlagi Danmerkur þann 20. september næstkomandi.

Kvikmyndatökur og eftirvinnsla á Hornafirði

Tökur á næstu kvikmynd Hlyn Pálmasonar eru vel á veg komnar en undanfarnar vikur hafa þær farið fram á Hornafirði og er áætlað að þær klárast fyrir lok mánaðar. Fjöldi Hornfirðinga kemur að gerð myndarinnar, sumir hafa unnið ýmis störf við undirbúning og eða upptökur, og aðrir komið fram í aukahlutverkum af ýmsu tagi.

Kvikmyndin ber titilinn Hvítur, hvítur dagur og er framleidd af Antoni Mána Svanssni fyrir framleiðslufyrirtækið Join Motion Pictures. Fyrirtækið framleiddi síðast kvikmyndina Hjartasteinn og meðframleiddi einnig fyrri myndir Hlyn, Sjö báta og Vetrarbræður.

Í grófum dráttum fjallar þessi nýja mynd Hlyn um lögreglustjóra í litlu sjávarþorpi sem byrjar að gruna mann í þorpinu um að hafa átt í sambandi við eiginkonu hans áður en hún dó í bílslysi. Grunur hans breytist fljótt í þráhyggju og leiðir hann til róttækra gjörða sem setja hann og hans nánustu í hættu. Þetta er saga um sorg, hefnd og skilyrðislausu ást.

Núna í framhaldinu af tökum hefst marga mánaða eftirvinnsluferli myndarinnar en stærsti hluti þess mun fara fram á Hornafirði. Hugmyndin er að nýta kvikmynd þessa sem stökkpall fyrir uppbyggingu alþjóðlegrar eftirvinnsluáðstöðu á Stekkakletti, þar sem stór hluti af tökum hefur nú farið fram.

TÖFRASÝNING EINARS MIKAEL Ný sýning

Fimmtudaginn 27. september
kl. 19:30 í Sindrabær



Miðaverð: 1.500 kr.
Miðar seldir við hurð



KYNJAMYNDIR - SIGURÐUR EINARSSON Í HOLTI 21.09 - 23.09

Verið hjartanlega velkomin á sýninguna
Kynjamyndir - yfirlitssýningu á málverkum
Sigurðar Einarssonar, í Holti, félagsheimili Mýramanna,
helgina 21. - 23. september.

Sýningaropnun verður kl. 14
föstudaginn 21. september,
en þá eru hundrað ár liðin frá fæðingu Sigurðar.

Kvenfélagið Eining verður með kaffisölu á staðnum.

Hér gefur að líta minningar gamals Mýramanns
um sveit æskuáranna.

Húsið verður opið frá kl 14 - 18 sýningarhelgina, en annars opið eftir samkomulagi.

LISTASAFN
ART MUSEUM
SVANARSAFN



Sveitarfélagið
HORNAFJÓRDUR

Ert þú sjálfbodaliði eða félagsmaður??

Nýheimar þekkingarsetur leitar til sjálfbodaliða- og félagsamtaka til þátttöku í lífandi kynningu á starfi sínu fyrir íbúa Hornafjarðar í Nýheimum laugardaginn 20. október kl. 11-15.

Margt er í boði og er markmið dagsins að draga fram og kynna margbreytileika samtakanna; skapa vettvang fyrir samtökin að kynna starf sitt; skapa umræðu um þátttöku og stuðla að aukinni virkni íbúa.

Hafir þú áhuga á að taka þátt eða spurningar ekki hika við að hafa samband við Kristínu Völu
(kristinvala@nyheimar.is / 4708089)



NÝHEIMAR
ÞEKKINGARSETUR



Aðalfundur Karlakórsins Jökuls

Aðalfundur Karlakórsins Jökuls verður haldinn í Hafnarkirkju
24. september kl. 20:00 nk.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Gestur verður Geir A. Guðsteinsson formaður SÍK

Að venju er starfsár kórsins metnaðarfullt og hvetjum við nýja félagi að mæta og kynna sér starfsemi hans

Stjórnin

Bólusetning gegn influensu hefst á heilsugæslustöðinni þann 20. september nk.

Frá 20. september-5. október er bólusettt virka
daga milli kl. 11-12 og 13-14 .

Eftir það, virka daga milli kl. 11-12 .

Ekki þarf að panta tíma.

*Landlæknir hvetur sérstaklega alla 60 ára og
eldri og þau börn og fullorðna sem haldnir
eru langvinnum og illkynja sjúkdómum að láta
bólusetja sig .*



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS